

## GJALDSKRÁ

### fyrir hunda- og kattahald í Fjarðabyggð.

#### 1. gr.

Árlegt leyfisgjald fyrir að halda hund í Fjarðabyggð, sbr. 12. gr. samþykktar nr. 933/2015 skal vera 17.150 kr. Gjald greiðist á gjalddaga 1. október, en eindagi er 30. október ár hvert. Innifalið í leyfisgjaldi er heilbrigðis skoðun dýralæknis, ormahreinsun og trygging auk umsýslugjalda sveitarfélagsins.

#### 2. gr.

Árlegt leyfisgjald fyrir að halda kött í Fjarðabyggð, sbr. 12. gr. samþykktar nr. 912/2015 skal vera 11.250 kr. Gjald greiðist á gjalddaga 1. október, en eindagi er 30. október ár hvert. Innifalið í leyfisgjaldi er heilbrigðis skoðun dýralæknis, ormahreinsun og trygging auk umsýslugjalda sveitarfélagsins.

#### 3. gr.

Við afskráningu hunds eða kattar ber að endurgreiða árlegt leyfisgjald í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir eru á árinu.

#### 4. gr.

Handsömunargjald vegna hunda, samkvæmt 12. gr. samþykktar nr. 933/2015, skal vera 16.390 kr. Þurfi að vista hund yfir nótt, skal greiða vörslugjald að fjárhæð 8.200 kr. fyrir hvern dag umfram fyrsta sólarhringinn. Að auki skal greiða allan útlagðan kostnað Fjarðabyggðar vegna hundsins.

Eigandi hunds getur fengið hann afhentan, samkvæmt 10. gr. samþykktar nr. 933/2015 að aflokinni skráningu og gegn framvísun á staðfestingu fyrir greiðslu skráningargjalds og handsömunargjalds auk annars áfallins kostnaðar vegna brotsins.

#### 5. gr.

Með vísan í 12. gr. í samþykkt nr. 933/2015 greiða eigendur hunda á lögbýlum ekki leyfisgjald heldur einungis útlagðan kostnað við ormahreinsun.

#### 6. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

#### 7. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með vísun til heimilda í samþykkt um hundahald í sex sveitarfélögum á starfssvæði heilbrigðisnefndar Austurlandssvæðis nr. 933/2015 og samþykkt um kattahald og gælu-dýrahald annarra en hunda í sex sveitarfélögum á starfssvæði heilbrigðisnefndar Austurlandssvæðis nr. 912/2015 og samkvæmt 59. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og kafla XVI þar að lútandi reglugerðar nr. 491/2002 um hollustuhætti. Gjaldskráin tekur þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1181/2016.

*Fjarðabyggð, 1. desember 2017.*

**Gunnar Jónsson** bæjarritari.